



ÚRGANGSMÁL



NÝ GJALDSKRÁ

Um áramótin tók gildi ný gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit.

Mikilvægt er að íbúar kynni sér hana vel og þann sveigjanleika sem hún býður upp á.

HEFÐBUNDIN ÍLÁT

Grunneining íláta í Hvalfjarðarsveit:

240 lítrar undir almennan úrgang

240 lítrar undir plastefni

660 lítrar undir pappa og pappír í dreifbýli,

240 lítrar í Krosslandi og Melahverfi

140 lítrar undir lífúrgang



NÁNARI UPPLÝSINGAR Á
HEIMASÍÐU HVALFJARÐARSVEITAR

www.hvalfjardarsveit.is

Mikilvægt er að flokka allan úrgang en röng flokkun hefur áhrif á kostnað og hirðu.

Framvegis verður innheimt eftir svokallaðri rúmmálsleið (stærð og fjöldi íláta) og því verður nokkur breyting á álagningarseðli sveitarfélagsins með tilkomu nýrrar gjaldskrár.

Miklar breytingar hafa átt sér stað í úrgangsmálum undanfarið og sveitarfélögum er nú skylt samkvæmt lögum að innheimta gjald sem miðast við magn og gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélög þurfa því að hverfa frá því að nota kerfi sem innheimtir eitt fast gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í að innheimta samkvæmd því magni og tegund úrgangs sem hver og einn lætur frá sér.

Nýtt kerfi við innheimtu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs var innleitt hjá Hvalfjarðarsveit um áramótin í samræmi við lagaákvæði sem tóku gildi á síðasta ári. Innheimtan tekur í dag mið af aðferð sem hefur verið nefnd „Borgað þegar hent er” (e. pay as you throw). Það gengur út á að innheimt er eftir magni og tegund úrgangs í stað fasts gjalds.

Mikilvægt er að öll heimili í Hvalfjarðarsveit séu með grunneiningu íláta við húsvegg og flokki í þau pappa, plast og lífúrgang. Einnig er móttökustöð fyrir gler, málma og textíl í Melahverfi og síðar á þessu ári verður sett upp önnur slík við Miðgarð. Ekki er heimilt að urða lífúrgang og því afar mikilvægt að flokka hann frá almennum úrgangi. Tunnur með rangri flokkun verða ekki tæmdar.

Einnig hafa íbúar nú ákveðinn sveigjanleika til að hafa áhrif á kostnað við meðhöndlun úrgangs með að ákveða stærð íláta og í nýrri gjaldskrá er gert ráð fyrir minni tegundum grunníláta sem og samnýtingu íláta. Fyrir stærri og/eða fleiri ílát verður einnig innheimt samkvæmt nýrri gjaldskrá.

Umsókn um aðra samsetningu íláta en grunníláta undir úrgang þarf að berast sveitarfélaginu fyrir 1. apríl nk. Afhending á nýjum ílátum verður á síðari hluta ársins, en nýtt gjald verður ekki innheimt fyrr en samhliða fasteignaskatti árið 2025. Innheimt verður breytingargjald samhliða umsókn sem og tunnugjald og útkeysslugjald. Sjá nánar í gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit.

Allar nánari upplýsingar veitir umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar í síma: 433-8500 einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið: umhverfi@hvalfjardarsveit.is